



## Samningur um aðild að GEOfood merkinu Í Kötlu jarðvangi

**Katla Geopark varð aðili að GEOfood í janúar 2021.**

**Fyrirtækið \_\_\_\_\_ er samstarfsaðili Kötlu jarðvangs (Katla Geopark) og vinnur að eflingu matvæla- og matarmenningu í jarðvanginum.**

**Katla UNESCO Global Geopark og (nafn, Kt. og lögheimili fyrirtækisins) hafa samþykkt eftirfarandi ákvæði:**

### **1. Grein**

#### **Markmið og viðmið**

Tilgangur GEOfood merkisins er að styðja við framleiðslu og sölu á matvöru sem framleidd er innan jarðvanga heimsins, Kötlu jarðvangs meðtöldum, og auka sýnileika matvörunnar og skapa tækifæri fyrir framleiðendur að koma sér á framfæri. Einnig er markmiðið að auka vitund neytenda um sérstöðu matvæla og ýta undir upplifun fólks á þeim matvælum sem framleidd eru innan jarðvangsins, styrkja tengslin á milli framleiðanda, fyrirtækja og jarðvangsins, og kynna viðskiptavinum fyrir því samspili sem er á milli matvælaframleiðslu og jarðfræðiarfleifðarinnar innan jarðvangsins.

Samstarfssamningurinn er undirritaður af framkvæmdarstjóra jarðvangsins og fulltrúa fyrirtækisins. Í honum felst gagnkvæm skuldbinding gagnvart markmiðum GEOfood.

Samstarfssamningnum er ætlað að mæta þörfum gesta, fyrirtækja og samfélagsins á staðnum til að festa GEOfood merkið í sessi.

## 2. Grein

### Skyldur og skilyrði þess fyrirtækis sem gerist aðili að GEOfood

#### Almenn atriði

2.1. Fyrirtækið skal uppfylla öll almenn lagaleg skilyrði varðandi fyrirtæki við undirritun samningsins og á gildistíma hans.

2.2. Fyrirtækið ætti að öðru jöfnu að vera stofnað í jarðvanginum og/eða starfa að minnsta kosti að hluta til í jarðvanginum.

2.3. Framleiðandi eða veitingastaður sem vill gerast aðili að GEOfood merkinu þarf fyrst að gera samning um að vera jarðvangsfyrirtæki.

2.4. Framleiðandi eða veitingastaður þarf að hafa skýrar merkingar um uppruna vörunna, annað hvort á vörunni eða matseðlinum.

2.5. Fyrirtækið skal kynna tengsl matvællanna við jarðminjar, náttúru- og/eða menningarminjar jarðvangsins með vandaðri upplýsingagjöf á vöru sinni, matseðli eða heimasíðu.

2.6. Fyrirtækið skal leitast við að fylgja sjálfbærri stefnu i umhverfismálum, m.a. varðandi úrgang, vatn og orkunotkun og stefnu þá sem Katla jarðvangur gefur út og er hvatt til þess að taka þátt í verndaráætlunum svæðisins og landshlutans.

2.7 Framleiðandi skuldbindur sig við að nota ekki skordýraeitur eða annað eitur við framleiðslu hráefnis og/eða matvöru

2.8 GEOfood merkið þarf að vera sýnilegt á veitingastöðum og á heimasíðu þeirra

2.9 GEOfood matseðlar þurfa að vera innblásnir af jarðfræðiarfleifð svæðisins og útskýra mikilvægi þess fyrir viðskiptavininum

2.10 Til að veitingastaður geti haft GEOfood matseðil, þarf að minnsta kosti 50% af mætvælum hvers réttis að eiga uppruna sinn úr jarðvanginum.

2.11 Veitingastaðir og framleiðendur þurfa að skila inn stuttri skýrslu til jarðvangsins árlega um hvernig hafi gengið að nota GEOfood merkið.

## 3. Grein

### Upplýsingar um fyrirtæki

Nafn fyrirtækis:

Tegund fyrirtækis:

Heimilisfang:

Póstnúmer:	
Kennitala:	Tölvupóstur:
Heimasíða:	
GPS hnit fyrirtækis:	
Féskráarsíða:	Instagram síða:
Sími:	Farsími:
Heiti tengiliðs:	
Tölvupóstur tengiliðs:	

(x)

Er viðkomandi fyrirtæki skráð á svæði innan Kötlu jarðvangs?	
--	--

Flokkar:

(x)

1. Matvæli	
2. Framleiðendur	
3. Veitingastaðir og aðrir sölustaðir matvæla	

### 1. Upplýsingar um matvæli

(x)

Framleiðslan og/eða vinnslan á matvörunni fer fram innan Kötlu UNESCO jarðvangs	(x)	
Ef um unnar afurðir er að ræða, er meira en 50% af hráefninu komið úr jarðvanginum?	(x)	

Vörur sem verða hluti að GEOfood:

Selur fyrirtækið vöru á netinu?	(x)	
Er varan seld annars staðar? (t.d. á býli, verksmiðju, o.s.frv.)	(x)	
Ef varan er seld annars staðar, er aðgengi fyrir fatlaða þar?	(x)	
Opnunartíma sölustaða:		
Greiðsluaðferðir: (t.d peningur, posi, millifærsla)		
Hvar er hægt að kaupa vöruna?		

## 2. Framleiðandi

Inniheldur varan/vörurnar meira en 50% af hráefni úr jarðvanginum

(x)

Vörur:

Tegund framleiðslufyrirtækis: (fjölskyldufyrirtæki, ríkis ...)

Selur framleiðandinn vöruna á netinu?

(x)

Er varan seld annarsstaðar? (t.d. á býli, verksmiðju, o.s.frv.)

(x)

Ef varan er seld annarsstaðar, er aðgengi fyrir fatlaða þar?

(x)

Opnunartíma sölustaða:

Greiðsluaðferðir: (t.d peningur, posi, millifærsla)

Hvar er hægt að kaupa vöruna?

## 3. VEITINGASTAÐUR

Er að minnsta kosti ein útgáfa af GEOfood matseðill til fyrir veitingastaðinn?

(x)

Tegund sölustaðar: Veitingastaður/Kaffihús/Ísbúð o.s.frv.

Hvernig mat er boðið upp á (morgunmat, hádegismat, kvöldmat):

Hvaða réttir eru/yrðu á GEOfood matseðlinum?

Er aðgengi fyrir fatlaða?

(x)

Opnunartími:

Greiðsluaðferðir: (t.d peningur, posi, millifærsla)

Hversu marga í sæti tekur staðurinn:

Ég lýsi því hér með yfir að ég hafi kynnt mér skilyrði GEOfood merkisins og samþykki þau

Ég skulbindi mig til þess að fylgja eftir skilyrðum GEOfood merkisins og taka upp þær nýjungar sem hugsanlega verða kynntar í framtíðinni

#### **4. grein**

##### **Skyldur jarðvangsins gagnvart samningsaðila**

1. Jarðvangurinn lætur fyrirtækinu í té yfirlýsingu (með merki GEOfood) sem fyrirtækið getur haft til sýnis í höfuðstöðvum sínum.
2. Jarðvangurinn skal láta fyrirtækinu í té merki GEOfood til afnota í kynningarefni þess og til að merkja vörur. Þá mun jarðvangurinn aðstoða fyrirtækið við hönnun merkinga.
3. Jarðvangurinn skal aðstoða fyrirtæki við að safna upplýsingum og skrifa texta um jarðfræði þess svæðis þar sem matvaran er framleidd.
4. Jarðvangurinn skal birta lista yfir samstarfsfyrirtæki sín á heimasíðu sinni og tengingu á vefslóð þeirra.
5. Jarðvangurinn skal leitast við að láta samstarfsfyrirtæki njóta forgangs við kynningu á matvælaframleiðslu, matvörum og/eða sölustöðum innan jarðvangsins.
6. Jarðvangurinn ber ábyrgð á því að leitast við að sjá til þess að fyrirtækið fari eftir ákvæðum þessa samnings.
7. Jarðvangurinn skal reglulega láta stjórn GEOfood í té lista yfir samstarfsfyrirtæki sín og þar með mun GEOfood auglýsa samstarfsfyrirtækin á heimasíðu sinni og samfélagsmiðlum.

#### **5. grein**

##### **Riftun samningsins**

1. Ef annar hvor samningsaðila hefur brotið einstök samningsákvæði og hinn samningsaðilinn telur að skilyrði séu brostin fyrir áframhaldandi samstarfi skal hann tilkynna hinum aðilanum um einhliða uppsögn samningsins með ábyrgðarbréfi. Í bréfinu skal vera lýsing á því hvers vegna samningnum er rift og miða hana við dagsetningu eigi síðar en 60 dögum frá sendingu bréfsins.
2. Hvor aðili um sig getur sagt sig frá samningnum vegna „force majeure“ (í þessu tilviki skýrt sem óvæntir eða truflandi atburðir sem trufla eða hamla á alvarlegan hátt starfsemi hans). Við þessar aðstæður skal senda samstarfsaðilanum ábyrgðarbréf þar sem áformum um samningsslit skulu kynnt og ástæður þeirra tilgreind innan þriggja mánaða frá atburði.
3. Báðir aðilar geta ákveðið með samkomulagi að rifta samningnum áður en hann rennur út.

**6. grein**  
**Samningstími**

Samningstíminn skal vera frá dagsetningu undirritunar til **eins árs**. Eftir þann tíma er samningurinn endurnýjaður eftir úttekt jarðvangsins á starfssemi fyrirtækis og þróun þess í anda jarðvangsins og GEOfood merkisins.

Undirritun

...../.....  
Staður/dagsetning

\_\_\_\_\_

f.h. samstarfsfyrirtækisins

\_\_\_\_\_

f.h. jarðvangsins